

Nd.

257. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um girðingar (þingskjal 71).

Frá landbúnaðarnefndinni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Girðingar þær, sem lán er veitt til úr landsjóði og ræktunarsjóði, svo og aðrar vírgirðingar, er njóta styrks af almannafje, skulu vera að minsta kosti 1 metri á hæð. Þó skulu girðingar fyrir kynbótagripi ekki vera lægri en 1 metri og 12 sentimetrar.

Eigi er vírgirðing á jafnsljettu fullgild nema hún sje með 5 strengjum. Nú er garður hlaðinn undir vírinn, og þarf þá eigi fleiri strengi en fjóra, ef að garðurinn er að minsta kosti 30 sentimetra hár, þrjá strengi, ef hann er 60 sentimetrar, og eigi fleiri en tvo strengi, ef hann er 75 sentimetrar á hæð.

2. Við 2. gr. Í stað orðanna í fyrstu línu »stuðlar — millibili« komi: Milli stuðla má vera alt að 6 metra bil.
3. — 2. gr. Í stað 2. málsgreinar komi:
Að öðru leyti skal gera girðingar samkvæmt reglugerð, er landsstjórnin semur, sje lán veitt til hennar úr landssjóði eða ræktunarsjóði.
4. — 3. gr. Greinin orðist svo: Nú vill einstakur maður eða fjelag girða og leitar um lán til þess úr áðurnefndum sjóðum, skal þá fylgja lánbeiðninni skýrsla um lengd og fyrirkomulag hinnar fyrirhuguðu girðingar og áætlun yfir kostnaðinn. — Sje eigi á fjárlögum ætlað nægilegt fje öllum umsækjendum til kaupa á girðingarefni, skulu þeir, að öðru jöfnu, hafa forgangsrjett næsta ár, sem komast eigi að fyrri skiftið.
5. — 4. gr. Í stað »Girðing — var veitt« í upphafi greinarinnar komi: Nú er lánað til girðingar úr nefndum sjóðum, og skal hún þá vera fullgerð innan þriggja ára frá því lánið var veitt.
6. — 4. gr. Í stað »reglugerðum þeim« í 4. línu komi: reglugerð þeirri.
7. — 4. — Í stað »þegar þrjú ár« til enda greinarinnar komi: innan þriggja ára er lánið alt afturkræft, og skal þá greiða 6% í vexti af því.
8. — 5. gr. Síðari málsgrein orðist svo:
Girðingar, sem einstakir menn hafa tekið lán til, skulu teknar út við ábúendaskifti, og skilað í fullgildu standi eða með fullu álagi.
9. — 6. gr. Aftan við greinina bætist: enda sé girðingin gerð í samræmi við landsdrottin, ef leiguliði á í hlut.
10. — Í stað orðanna »og getur þá — henni við« komi: og losnar jarðeigandi eða ábúandi þá við þá skyldu, að halda henni við eða láta hana standa á jörðinni.
11. — 8. gr. Í stað 8. greinar komi svohljóðandi grein:
Nú liggja tún eða engjar tveggja eða fleiri jarða saman, og jarðeigandi eða ábúandi með samráði við jarðeiganda vill girða á mörkum samkvæmt lögum þessum og reglugerð þeirri, er um getur í 2. grein, og samkomulag næst ekki við þann jarðeiganda eða ábúanda, sem á tún eða engi á móti, um þátttöku í girðingunni, þá getur sá, er girða vill, engu að síður gert það, og skulu úttektarmenn hreppsins eða hreppanna, ef girðingin er á hreppmótum, þá meta notagildi girðingarinnar fyrir báða, og skifta girðingarkostnaðinum á milli málsaðila að tiltölu við gagn hvers um sig. Þó skal sá, er girðir, aldrei eiga rjett til frekari endurgreiðslu en svari helming girðingarkostnaðarins.
Verð girðingar liggur undir mat úttektarmanna, og kaup þeirra telst til girðingarkostnaðar.
Um viðhaldskostnað fer eftir sömu reglum.
12. — 9. gr. Í stað 9. greinar komi svohljóðandi ný grein:
Nú er vírgirðing gerð á landamerkjum, og skal hún þá svo reist, að á hvorugan sje gengið, sem land á að henni. Sje garður hlaðinn undir

vírin, skal efni og grundvöll taka að jöfnu úr þeirra löndum, sem að henni liggja.

Vilji maður girða beint, og þarf til þess inn á annars manns land, þá er það því að eins heimilt, að til komi samþykki jarðeiganda og ábúanda þeirrar jarðar. En synji þeir um samþykki, skal kveðja til úttektarmenn, og skulu þeir ákveða girðingunni stað og meta skaðabætur, ef meira sneiðist annað landið en hitt. Rjettur til annara afnota en engja og beitara helst þó óbreyttur, nema samkomulag verði um, að girðingin skifti löndum til fullnustu.

13. Við 10. gr. Greinin falli burt, og greinatalan breytist samkvæmt því.

14. — 11. gr. er verður 10. grein.

Í stað »1 metri sje« í 1. línu komi: 65 sentimetrar sjeu.

15. — 11. gr. er verður 10. grein frá »4 metrar« til enda greinarinnar falli burt en í þess stað komi: 5 metrar og 65 sentimetrar sjeu frá miðjum vegi til girðingar, og ekki nær en svo, að 3 metrar og 77 sentimetrar sjeu frá vegarjaðrinum til girðingarinnar. Þetta nær ög til gaddavirsgirðinga meðfram tröðum og heimreiðum.

16. — 12. gr. er verður 11. gr.

Greinin orðist þannig:

Eigi má gera girðingu yfir veg með hliði á fyrir veginum, nema með leyfi sýslunefnda, ef um sýsluveg eða hreppsveg er að ræða, en með leyfi stjórnarráðsins ef um flutningabraut, þjóðveg eða fjallveg er að ræða. Eigi má heldur girða fyrir afrjettarvegi eða farna fjallvegi, þó ekki sjeu þeir í tölu þeirra vega, sem landssjóði er skylt að annast.

Nú er leyft að gera girðingu yfir veg með hliði á fyrir veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minsta kosti 2 metra og 50 sentimetra breið, og svo gerð að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki. Fari maður um hlið á girðingu, er hann skyldur til að loka því á eftir sjer. Brot móti þessu og vísvitandi skemmdum á girðingum og hliðum varða sektum og skaðabótum.

17. — 14. gr. er verður 13. grein. Á eftir »til fundar« í 2. línu komi: með nægum fyrirvara.

18. — 14. gr. Á eftir »ná yfir« í 3. línu komi: Atkvæðisrjett á þeim fundi hafa allir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarluta til afnota.

19. — 15. gr. er verður 14. grein.

Í stað »á fundi mættu« í 3. línu, komi: fundinn sækja.